



## Spáum verðbólgu rétt undir markmiði

Hagstofan birtir maímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 28. maí. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,4% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkan verðbólgu úr 2,2% í 2,4%.

VNV hækkaði um 0,48% milli mánaða í apríl. Sú mæling kom á verulega óvart en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,3%. Við höfðum spáð +0,1%. Skýrist munurinn á því að gengisáhrif komu fyrir og sterkar fram í verðbólgunni en við áttum von á.

### Helstu undirliðir í maí:


- Við teljum að veiking á gengi krónunnar muni áfram skila sér inn í verð á **mat- og drykkjarvörum**.
- Eins teljum við að **verð á nýjum bílum** hækki vegna veikingar krónunnar.
- Einnig gerum við ráð fyrir að veiking krónunnar skilur sér áfram inn í **húsgögn og heimilisbúnað**.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,2 prósentustig til hækunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,1 prósentustig til lækkunar. Samantekið gerum við því ráð fyrir að reiknuð húsaleiga hækki um 0,1%.
- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 3,6% milli mánaða.
- Nokkuð öruggt er að Hagstofan muni ekki breyta **flugfargjöldum til útlanda** milli mánaða þar sem millilandaflug liggur nánast niðri.

Evran var meðaltali 1,7% dýrari og Bandaríkjadalur 2,0% dýrari í verðkönnunarvikunni í maí en í verðkönnunarvikunni í apríl.

Spá okkar um breytingu milli mánaða í maí er 0,1 prósentustigi hærrí en í seinustu spá sem við birtum í kjölfar birtingar á aprílmælingu Hagstofunnar. Við lækum spá okkar um reiknaða húsaleigu og bensín og díselolíu. Á móti hækum við spá okkar um mat og drykkjarvörur, kaup ökutækja og húsgögn og heimilisbúnað.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Bensín og díselolía	3,2%	-3,6%	-0,12%
Aðrar vörur og þjónusta	6,5%	-0,3%	-0,02%
Föt og skór	3,5%	-0,4%	-0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	-0,2%	-0,01%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	0,0%	0,00%
Menntun	0,5%	0,1%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,3%	0,01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	0,1%	0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	4,5%	0,3%	0,01%
Reiknuð húsaleiga	16,6%	0,1%	0,02%
Póstur og sími	1,6%	1,1%	0,02%
Heilsa	4,3%	0,7%	0,03%
Tómst. og menning	10,1%	0,6%	0,06%
Húsgögn og heimilisb.	5,4%	1,4%	0,08%
Kaup ökutækja	5,9%	2,6%	0,15%
Matur og drykkjarv.	14,9%	1,3%	0,19%
Alls	100,0%		0,41%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



## Verðbólga áfram við eða rétt undir markmiði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Júní: +0,4% milli mánaða, 2,5% ársverðbólga
- Júlí: -0,4% milli mánaða, 2,3% ársverðbólga
- Ágúst: +0,2% milli mánaða, 2,3% ársverðbólga

## Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í maí og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

### 1. Gengi krónunnar

Frá áramótum hefur íslenska krónan veikst um 13% á móti evrunni og 15% á móti bandaríkjadal. Við teljum að fyrirtæki hafi lítið sem ekkert svigrúm til þess að taka þessa gengisveikingu á sig og gerum við því ráð fyrir því að gengisveikingin leiti áfram inn í verðlag á næstu mánuðum. Verði raunin önnur mun það þýða lægri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

Við teljum líklegt að botninum sé náð og eigum ekki von á að krónan veikist meira í ár. Verði raunin önnur og krónan vekist frekar mun það þýða hærri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

### 2. Húsnæðisverð

Útlit er fyrir að [framboð á húsnæði sé að komast í eðlilegt horf eftir samkomubannið](#). Við gerum ráð fyrir því að aukið atvinnuleysi ásamt efnahagsþrengingum almennt muni draga úr eftirspurn með þeim afleiðingum að verðhækkanir verði afar hóflegar næstu mánuði. Gangi þetta ekki eftir mun framlag fasteignaverðs til verðbólgu verða herra en við gerum ráð fyrir.


### 3. Covid-19 og aðgerðir stjórnvalda

Hagstofan hefur haldið þeim undirliðum þar sem viðskipti eru lítil eða engin vegna Covid-19 faraldursins óbreyttum seinustu mánuði. Ef þessir undirliðir hækka verulega þegar léttir á aðgerðum stjórnvalda mun það þýða hærri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

### 4. Alþjóðleg verðbólga


Útlit er fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar verði lítil sem engin á yfirstandandi ári, sem ætti að hjálpa til við að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Verði raunin önnur mun það að öðru

## Mánaðarbreyting VNV í maí



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

## Verðbólguþspá



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Óbreyttu þýða meiri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

### **5. Heimsmarkaðsverð á olíu**

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur lækkað mjög hratt og er nú um USD 35 fatið í samanburði við um USD 70 í byrjun árs. Gangi þessi lækkun til baka mun það þýða hærra bensínverð en við gerum ráð fyrir núna.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.